

Toroddur Toroddur <doddifr@gmail.com>

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Toroddur Toroddur <doddifr@gmail.com>
Heiti : Aðgerðaáætlun gegn hávaða á Akureyri
Málsnúmer. : 2017010225
Málsaðili : Efla hf.
Skráð dags : 9.4.2019 14:47:21
Höfundur : Toroddur Toroddur <doddifr@gmail.com>

Góðan dag, ég vil fagna þeirri áætlun sem fram er sett og miðar að því að draga úr hávaða frá bílaumferð á Akureyri.

Truflun eða óþægindi af hávaða frá umferð ökutækja eru að mínu mati tvennskonar.

Í fyrsta lagi hávaði sem skapast af stöðugri umferð og er háð umferðarþunga, gerðum ökutækja, dekkja og véla og af aðgerðaáætluninni að dæma er henni ætlað að taka á þessum óþægindum sem eru heilsispyllandi við ákveðnar götur.

Í öðru lagi er truflun af hávaða frá stökum ökutækjum/ökumönnum. Þessi ökutæki, bílar og vélhjól, eru ekki úbúin hefðbundnum hljókútum heldur hljóðkútum sem geta skapað mikinn hávaða sérstaklega ef ökutækinu er ekið á ákveðinn hátt, snöggar inngjafir, mikil hraðaukning, ekið í lágum gir eða hægt á ökutækinu með því að gíra snögglega niður þegar vél er á miklum snúningi. Hávaði þessi er ekki það sem aðgerðaáætlunin beinist að því þessi ökutæki eru oftast á ferð þegar umferð er tiltölulega lítil, síðla kvölds þegar fólk vill hafa það náðugt heima fyrir. Þar sem ég bý, Fólugata 18, 2. hæð, er hávaði frá þessum ökutækjum/ökumönnum til mikilla óþæginda og er hann að mestu bundinn við þann tíma ársins þegar snjólaust er.

Það er óverjandi að örfáir ökumenn komist upp með að valda, algjörlega að nauðsynjalausu, verulegum hávaða og óþægindum fyrir bæjarbúa og eru þau alls ekki aðeins bundin við Glerárgötuna þó svo að hún sé vinsæl til "kappaksturs" eða leiks á ökutækjum.

Ég skora á bæjaryfirvöld að taka á þessu máli og verður það væntanlega best gert með því að ræða við eigendur og ökumenn þessara ökutækja og ef þörf krefur að taka ökutækin úr umferð.

Þóroddur F. Þóroddsson

280150-4289

Fjólugötu 18

600 Akureyri